



Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Dagsetning 26. mars 2024
Málsnúmer DMR24010234

Við er til erindis Alþingis, dags. 13. mars 2024, þar sem þess er óskað að dómsmálaráðuneytið taki saman minnisblað þar sem fram komi afstaða ráðuneytisins til þeirra umsagna sem nefndinni hafa borist um 691. mál – frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðferð sakamála, lögum um meðferð einkamála og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. (miðlun og form gagna, fjarþinghöld, birting ákæra o.fl.)

Flestar umsagnir sem bárust allsherjar- og menntamálanefnd varða í aðalatriðum heimild til birtingar ákæru og annarra gagna sem birta skal á sams konar máta í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda. Í umsögnunum er ýmist talið er rétt að fara þá leið sem ráðgerð er að þessu leyti með frumvarpinu eða þá að farsælla sé að telja ákæru þá þegar réttilega birta þegar hún hefur verið gerð aðgengileg í hinu stafræna pósthólfi. Hér á eftir verður því að meginstefnu fjallað um þau **sjónarmið sem búa að baki ólíkum birtingarleiðum í stafræna pósthólfi.**

Ráðuneytið telur afar mikilvægt að fyllstu varkárni sé gætt vegna réttinda viðtakanda þegar gögn af framangreindu tagi eru birt í stafrænu pósthólfi stjórnvalda. Í þeim efnum verður einkum að horfa til réttinda samkvæmt 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem fram kemur að öllum beri réttur til að fá úrlausn um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstól. Einnig til a- til e-liða 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem lúta með ólíkum hætti að rétti sakaðs manns til að taka til varna, sbr. lög nr. 62/1994. Í þessu tilliti leggur ráðuneytið áherslu á að í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu hefur réttur sakaðs manns til að vera viðstaddur réttarhöld og taka til varna verið talinn ótvíræður þáttur í rétti til réttlátrar málsmeðferðar. Því til samræmis er það meginregla laga um meðferð sakamála að birta skuli ákæru og fyrirfall fyrir ákærða sjálfum og við frávik frá þeirri meginreglu skuli ekki ganga lengra en nauðsyn beri til svo unnt sé að viðhalda eðlilegri hagkvæmni og skilvirkni í réttarvörslukerfinu.

Líkt og rakið er í kafla 3.4 í almennum skýringum við frumvarpið er við það miðað að ákæra og gögn sem birta skal á sams konar máta *teljist réttilega birt í stafrænu pósthólfi þegar viðkomandi hefur staðfest móttöku þar*. Aftur á móti er ekki gerð krafa um að viðtakandi hafi kynnt sér efni ákæru eða að efni hennar hafi komist til vitundar hans. Í framkvæmd er fyrirhugað að þegar viðkomandi skráir sig inn í pósthólfið, eftir að ákæra hefur verið gerð aðgengileg þar, birtist honum gluggi þar sem gerð er grein fyrir því að verði pósturinn opnaður verði birtingaraðila send staðfesting á móttöku skjalsins. Jafnframt verði í glugganum að finna nánari upplýsingar um að opni viðkomandi ekki póstin muni annarra leiða verða leitað til birtingar gagnsins, eftir atvikum með aðkomu lögreglu. Ákveði ákærði að opna póstin mun birtingaraðila sjálfkrafa berast staðfesting á móttöku án þess að vakta þurfi það sérstaklega. Jafnframt muni þá birtast nánari leiðbeiningar um rétt til aðstoðar verjanda ef það á við auk frekari upplýsinga um málsmeðferð.


Framangreind leið til birtingar þykir einkum sameina þá kosti að tryggja vitneskju ákærða um birtingu ákæru og auka skilvirkni við birtingar án þess að vegið sé að fyrrgreindum réttindum sakaðra manna.

Einnig að hjá því verði komist að vakta hið stafræna pósthólf, eða að leggja þær byrðar á borgarana, með tilheyrandi fyrirhöfn, kostnaði og öðru óhagræði sem leiða kynni af réttaráhrifum sakadóma og að þurfa að leita endurupptöku dóma. Rétt er að hafa í huga að samkvæmt gildandi rétti er heimilt, án þess að ákærði komi fyrir dómara, að kveða á um fangelsisrefsingar í sex mánuði eða skemur, eftir atvikum skilorðsbundnar, en einnig sektarrefsingar að tiltekinni fjárhæð, sviptingu öku- og starfsréttinda, og eignaupptöku. Þá markar birting dóma í stafrænu pósthólfi dómfelldu einnig frest hans til að áfrýja dómi en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að dómar geti einnig verið birtir í stafrænu pósthólfi.

Ef farin yrði sú leið að telja birtingu réttilega hafa farið fram þegar ákæra hefur verið gerð aðgengileg í stafrænu pósthólfi (leið a, sbr. kafli 3.4 í almennum skýringum við frumvarpið) væru gerðar minni kröfur til birtingar í stafrænu pósthólfi en að gildandi lögum og ákærði myndi njóta lakari réttarverndar ef sú leið væri farin (sbr. þó ef birting ætti sér stað samkvæmt þeirri undantekningu sem heimiluð er með birtingu í Lögbirtingarblaði á grundvelli 3. mgr. 156. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála). Þá myndi sú leið að telja ákæru réttilega birta þegar hún hefur verið gerð aðgengileg í stafrænu pósthólfi og viðkomandi hefur skráð sig inn í pósthólfið eftir þann tíma (leið b, sbr. kafli 3.4 í almennum skýringum við frumvarpið), kalla á vöktun á hinu stafræna pósthólfi sem ekki þykir fýsilegt, sbr. umfjöllun þar um í kafla 3.4 í almennum skýringum við frumvarpið. Því þykir sú leið sem farin er í frumvarpinu ganga eins langt í skilvirkum birtingarmáta og tækt þykir gagnvart réttindum sakaðra manna. Þá verður eftir sem áður heimilt að birta ákæru og gögn sem birta skal á sams konar máta samkvæmt 156. gr. laga um meðferð sakamála, það er samkvæmt þeim birtingaraðferðum sem lögin heimila í dag.

Hvað viðkemur **öðrum atriðum í umsögnum** til allsherjar- og menntamálanefndar er rétt að benda á að með frumvarpinu er *ekki mælt fyrir um birtingu stefna við meðferð einkamála í stafrænu pósthólfi* stjórnvalda. Einvörðungu opinberir aðilar hafa heimild til að miðla gögnum í hið stafræna pósthólf. Aðilar til sóknar í einkamálum geta hvort heldur sem er verið opinberir og einkaaðilar, á meðan ákæruvald er eingöngu á færi ríkisvaldsins í sakamálum. Þá er í frumvarpinu mælt fyrir um *heimild til að nýta fjarfundabúnað við meðferð einka- og sakamála fyrir dómi*, en eftir sem áður er meginreglan sú að málsaðilar og vitni gefi skýrslu við meðferð mála fyrir dómi í eigin persónu á dómþingi. Þá er þeim *reglum sem dómstólasýslunni er ætlað að setja* ætlað að vera leiðbeinandi og einkum til að stuðla að samræmi um framkvæmd þess að mætt er til þinghalds um slíkan búnað og skýrslugjöf málsaðila og vitna fyrir dómi. Eftir sem áður yrði það því á forræði dómara að gæta að réttindum hlutaðeigandi við meðferð mála lögum samkvæmt, þar á meðal stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu.

Fyrir hönd ráðherra


Bryndís Helgadóttir


Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson